Íslenzkur Presley með KK.sextett

DÆGURLAGASÖNGUR er orðinn stór liður í skemmtanalífinu. Á ég þá auðvitað við með hljómsveitum. — Hljómsveitir nú til dags virðast leggja mikið kapp á að hafa góðan söngkraft eða vinsælan sem meðlim. Nú síðustu árin síðan rokkið náði svona miklum vinsældum hefur það orðið söngurinn, sem hefur mest mætt á, þó auðvitað að misjafnlega vel sé leikið undir. Er þá ekki að efast um að sú hljómsveitin, sem hefur góðum hljóðfæraleikurum á að skipa og góðum og vinsælum söngvurum, nær að sjálf sögðu til áheyrenda á léttum máta. Unglingar nú á dögum eru allir hrifnir af rokksöngvurum hvort heldur er Elvis, Tommy, Dominó eða Fabian, allt eru þetta hetjur unga fólksins í dag. Þeir syngja lögin, sem þau vilja.

Nú skulum við snúa okkur að því innlenda. KK sextettinn auglýsti nýlega eftir ungu fólki, er vildi reyna hæfni sína í dægurlagasöng. Það kom stór hópur. Kristján Kristjánsson og félagar völdu 10 væntanlega söngvar úr hópnum. Var nú pakkað upp textum og lögum, tekið til að æfa og árangurinn kom svo fram á hljómleikunum er KK sextettinn hélt í Austurbæjarbíói sl. fimmtudagskvöld. Var húsið troðfullt og mestallt ungt fólk. Heldur mikill hávaði var og umgangur var meðan hinir ungu nýbökuðu söngkraftar voru að fremja söng sinn.

Hljómleikarnir hófust með leik KK og söngvum Ellý og Óðins. Þá kynnti Kristján fyrsta unga rokkarann, **Garðar**, söng hann þrjú lög, var ákaft hylltur, og var flautað og hrópað og kom litli vinurinn á rauða jakkanum aftur fram og þakkað fyrir sig mjög vel. **Silja** heitir ung stúlka, sem söng þrjú lög, var hún svolítið óstyrk og óheppin í laginu „Everybody's Somebody's Fool", en lófaklappið dundi yfir, svo kom **Erlendur**, rokkaði óspart og endaði á laginu „Komdu í kvöld". — **Anna hét svo ljóshærð stúlka á svörtum kjól, söng látlaust og eðlilega. Ágæt tilþrif komu fram hjá henni í laginu „Cry me a river" Nú kynnti KK**



Ágnes Mjöll og Jón voru öll mjög góð

þann yngsta, **Magnús**, sem hvorki hefur verið úti á sjó eða í Þórsmörk, og því síður í garðinum með Adam og Evu og reyndist KK sannspár þar. Þá dreif **Mjöll** sig inn á senuna. Mjöll virtist vera nokkuð óstyrk fyrst, en hún söng mjög vel, röddin er ekki mikil, en ég er viss um að ef Mjöll vildi hugsa um söng-

Þorsteinn, ljósin minnkuðu og Þorsteinn tók í mikrófón-

Þorsteinn Eggertsson

stöngina, andlitið varð allt í kiprum, augun lokuðust, munnurinn opnaðist og fram-

inn, þá á hún eftir að standa oft og lengi fyrir framan mikrófóninn. Mjöll var óhemju vel fagnað. Þá kom dökkhærður grannur piltur fram á sviðið. Held ég að **Jón**, en svo heitir han, gæti sungið meir ef hann fengi góða aðstoð og tilsögn. Hann hefur góða rödd. Jóni var mjög vel tekið. **Agnes** var alveg óhemju feimin, en röddin hennar og söngur var sérstaklega fallegur, ef KK segir Agnesi að snúa sér að áheyrendum þegar þeir ákaft fagna henni, þá verður gaman að sjá og heyra í Agnesi aftur, því röddin hennar er einkar falleg. — Nú kynnti KK að síðasti rokkarinn kæmi fram. Hann heitir

ið var hið þekkta lag Presleys „Rip it up". Mikið skvald ur varð í salnum, fólk pískraði: „Hann er bara alveg eins og Presley," „Nei, sérðu stælana, maður," „Svaka taktar eru þetta, maður," „Dj ..... er hann góður." Jú, Þorsteinn sýndi það sem ekki oft hefur verið sýnt hér á senu, að á Íslandi er til einn Presley, því ekki það Það eru Presleyar út um allan heim, Þorsteinn hefur ekki ýkja mikla rödd, en túlkunarhæfileika, og nú hefur KK gefið unga fólkinu hér tækifæri að koma og hlusta á sinn eigin Presley, en KK sextettinn heldur skemmt un í Selfoss bíói í kvöld og er ekki að efa að fólkið fær góða skemmtun að hlusta á þessa ungu rokkara, auk þess að hlusta á söng Ellýar Vilhjálms og Óðins Valdimarssonar, sem eru bæði orðin landskunn fyrir góðan söng, og KK og hljóðfæraleikarar hans, sem leika vel og aðstoða þessa ungu nýbökuðu söngvara af sinni alkunnu snilli.

Guðmundur Steingrímsson trommuleikari lék trommusóló, sem var geysilega vel tekið, og var ekki við öðru að búast af þessum bráðsnjalla trommuleikara. KK hefur sýnt það einu sinni enn, að hann hefur hylli ugna fólksins, ekki minnkar hún við það að það skuli eiga von á sínum unga Presley sem söngvara þar sem KK kemur fram. Ég vildi þakka KK sextettinum og söngvurunum fyrir ágæta skemmtun.

Johanne Scoon heitir svertingja söngkona sem komin er til Rtykjavíkur til að syngja í Tjarnarcafé með Neo tríóinu. Joanna Scoon hefur ferðast nokkuð um Þýzkaland og sungið fyrir hermenn.

Guðjón Pálsson píanóleikari er sennilega að flytja til Reykjavíkur frá Vestmannaeyjum. Guðjón hefur haft hljómsveit í Vestmannaeyjum í nokkur ár. Hefur hljómsveit hans heimsótt meginlandið nokkrum sinnum og hlotið miklar vinsældir. Ekki er ákveðið hvar Guðjón leikur í Reykjavík.

Judy Garland söngkonan og leikkonan, sem flestir muna eftir sem barnakvikmyndastjörnu, varð sérstaklega fræg fyrir söng sinni í laginu Over the Rainbow. Judy er nú stödd í London, og hélt hljómleika í Palladium. Stóð hún ein á senunni í tvo tíma og var henni ákaft fagnað. Nú hefur Judy ákveðið að dvelja nokkra mánuði í Evrópu og fara til hljómleikahalds víðsvegar á meginlandinu. Sennilega heimsækir hún Kaupmannahöfn í október, en kostnaðurinn við að fá Judy til Kaupmannahafnar er óhemju mikill, svo að þeir tr standa fyrir því að fá hana hafa farið fram á að þurfa ekki að borga skatt. Ef kostnaðurinn er svona óskaplegur gæti ég trúað við landarnir hefðum ekki efni á að fá Judy Garland í eigin persónu.



Ljóshærð stúlka

JÚ, stúlkan hefur verið mynduð svo oft áður, en ekki höfum við séð hana svona klædda fyrr. Jú, hún er sem sagt ferðbúin til að fara suður á Keflavíkurflugvöll og syngja þar í klúbb með íslenzkri hljómsveit En Svanhildur Jakobsdóttir, sem söng um tíma í Þjóðleikhússkjallaranum með Leiktríóinu, hefur gert mjög víðreist síðan hún söng í kjallaranum. Verið í París, og sem fulltrúi Íslands í fegurðarkeppni vestur á Miami í Bandaríkjunum. Svanhildur var mjög ánægð með vesturförina, þó hún segist vera ánægð að vera heima og þá náttúrlega með það að syngja, en hún segist hafa gaman af söng og tónlist Af hverju athuga ekki hljómsveitarmenn og aðrir, sem not hafa fyrir skemmtikrafta að fá Svanhildi til að syngja á einhverjum skemmtistað hér í bæ. Söngur Svanhildar var vel rómaður meðan hún söng með Leiktríóinu.

LAUGARDAGS SÍÐAN

Ritstjóri:

Haukur Morthens.

